



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 9. mars 2020 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Haukur Arnþórsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Viggó K. Jóhannsson og Arna Þórdís Árnadóttir. Katrín Baldursdóttir var með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur verið samþykkt.

2. Kosningabaráttu, staða flokksins í umræðunni

Málið rætt og ýmiss sjónarmið reifuð, s.s. að huga þurfi að forgangs röðun verkefna.

3. Fjölgun félaga

Talað var um að við þurfum að vera tilbúin með verkefni fyrir félaga sem lýsa sig áhugasama.

4. Styrkur flokksins, fjölgun virkra félaga: Starf í hópum, skuggaráðuneyti, hagsmunasamtök o.fl.

Rætt var um starf í hópum flokksins og að fjölga þurfi virkum félögum svo hægt sé að keyra kosningabaráttuna á breiðari hópi til að dreifa álagi.

5. Raunverulegir eigendur flokksins og skil á stjórn flokksins til RSK

Fundarmenn skrifuðu undir eyðublöð frá RSK þar sem stjórn og varamenn þurfa að vera skráð eigendur flokksins skv. RSK.

6. Maístjarnan

Rætt var hvar mögulega mætti finna húsnæði fyrir félagið.

7. Fjármál, yfirlit febrúarmánaðar

Staða á reikningum. Flokkurinn: 877.895 kr., Maístjarnan: 2.857.992 kr.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.